

VIÐAUKI 2.

Mat á gróðurauðlindum: Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Heildaryfirlit um stöðu gróðurauðlinda verður fengið með samþættingu á fjarkönnunargögnum, upplýsingaöflun á jörðu niðri í samstarfi við hagsmunaaðila og neti af mæltreitum. Eftirfarandi gögnum verður safnað: (a) gervitunglagögnum, (b) kortlagningu og víðfeðmum loftmyndum (c) nákvæmum loftmyndum með flygildum (drónum) (d) og mælingum á mæltreitum/sniðum. Til að staðfesta þau gögn verði gerðar kerfisbundnar mælingar í mæltreitum. Gögn sem nú þegar liggja fyrir verða jafnframt nýtt eins og kostur er í þessari vinnu. Með þessari nálgun í gagnasöfnun er tryggt að upplýsingar nýtist til að túlka niðurstöður á milli mismunandi kvarða og bæti þannig upplýsingagildi annarra gagna umtalsvert. Jafnframt býður þessi fjölbreytta nálgun í gagnaöflun uppá virkt samstarf við hagsmunaaðila.

Vegna umfangs verkefnisins er mikilvægt að skipta því í nokkra áfanga sem unnt er að vinna ýmist samhliða eða á mismunandi tímum. Þessir áfangar eru:

1. Skilgreina markmið, átta sig á gögnum sem hægt er að nýta, skilgreina og skipuleggja aðferðir, þ.m.t. þörf og umfang mæltreita og mæligagna.
2. Byggja upp samstarfsnet með öðrum stofnunum sem gætu tekið að sér ákveðna verkþætti og lagt til gögn inn í verkefnið. Þar má nefna NÍ, LBHÍ, HÍ, Skógræktina, MAST, náttúrustofur o.fl.
3. Byggja upp þátttökunálgun að verkefninu með skilgreindum hagsmunaaðilum.
4. Útlagning mæltreita og gagnasöfnun.
5. Endurmat verkefnis og breyta/aðlaga nálganir í samvinnu við alla þátttakendur þannig að markmið verkefnisins náist og það þróist í samræmi við bestu bestu aðferðir og tækni á hverjum tíma. Í því gæti falist að að hanna snjalltækjaviðmót til að safna upplýsingum á vettvangi.
6. Miðlun upplýsinga

Lagt er til að verkefnið verði innleitt í þrepum eins og sýnt er í töflunni hér að neðan (Framkvæmdaáætlun). Þar er gert ráð fyrir að þrjú verkefnisþættir séu viðvarandi, stjórnun, miðlun og endurmat. Mjög mikilvægt er meta á hverjum tíma hvernig til tekst breyta aðferðum og áherslum eftir þörfum svo markmiðum verkefnisins verði náð sem best. Jafnframt verður að tryggja öflugna upplýsingagjöf, með beinum samskiptum, með miðun á vefsíðum og í snjalltækjum og með formlegum skýrslum.

Framkvæmdaáætlun

Ár	2017				2018				2019				2020				2021							
	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4				
Stjórnun og gagnavinnsla	[Orange bar]																							
Skilgreina markmið	[Light orange bar]																							
Byggja upp samstarfsnet	[Light orange bar]																							
Byggja upp þátttökunálgun	[Dark orange bar]																							
Leggja út mælireiti	[Light green bar]				[Light green bar]				[Light green bar]															
Gagnasöfnun					[Light green bar]				[Light green bar]				[Light green bar]				[Light green bar]							
Úrvinnsla gagna					[Light green bar]				[Light green bar]				[Light green bar]				[Light green bar]							
Miðlun upplýsinga	[Dark green bar]																							
Endurmat verkefnis	[Yellow bar]																							

Liðurinn „Gagnasöfnun“ hér að ofan tekur til vöktunar á stöðu gróðurauðlinda og vöktunar á nýtingu gróðurauðlinda, sbr. viðauka 1:

- Vöktun á stöðu gróðurauðlinda. Hér er lagt til að heildaryfirlit yfir stöðu gróðurauðlinda verði fengið með samþættingu á gervitunglagögnum (a), kortlagningu eða víðfeðmum loftmyndum (b), nákvæmum loftmyndum með flygildum (drónum) (c) og mælingum á einföldum mælireitum/sniðum (d). Til að staðfesta þau gögn verði gerðar mælingar í neti af nákvæmum mælireitum (e). Nánari útfærsla vöktunarkerfisins yrði gerð í samstarfi við hagsmunaaðila. Með slíkri nálgun er tryggt að hagsmunaaðilar eigi hlutdeild í verkefninu og að gögnin nýtist til að túlka niðurstöður á milli mismunandi kvarða og bæti þannig umtalsvert við þær upplýsingar sem vöktunin gefur.
- Vöktun á nýtingu gróðurauðlinda. Lagt er til að skipulag við þessa vöktun verði svipuð og vöktun á stöðu gróðurauðlinda. Upplýsingasöfnun yrði að stórum hluta á hendi hagsmunaaðila s.s. bænda eða fjallskilastjórna hvað varðar beitarnýtingu þar sem álagsmerki yrðu skráð í einföldum mælireitum (a). Jafnframt yrði dreifing álags mæld með nákvæmum loftmyndum (b), staðsetningarbúnaði fyrir beitardýr (c) og mælingar á umferð ferðamanna (d). Þessar upplýsingar yrðu síðan samkeyrðar við upplýsingar um fjölda beitardýra.

Eftirfarandi kostnaðaráætlunin er sett fram er til upplýsinga og með fyrirvara um þær áherslur sem faghópur og verkefnisstjórn síðar leggur.

Kostnaður (mkr)

	2017	2018	2019	2020	2021
	mkr.	mkr.	mkr.	mkr.	mkr.
Faghópur	2,5	2,5	2,5	2,5	2,5
Verkefnisstjórnun	14	12	12	12	12
<i>Dagleg stjórnun verkefnis</i>	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
<i>Miðlun upplýsinga</i>	1	1	1	1	1
<i>Markmiðsetning og endurmat</i>	2,5	1	1	1	1
<i>Samstarfsnet og þátttökunálgun</i>	2	1,5	1,5	1,5	1,5
Rannsóknir	9	29	28	26	26
<i>Skipulag og uppsetning mæltreita</i>	6	4	2		
<i>Gagnasöfnun</i>	1,5	19	20	20	20
<i>Ferðakostnaður</i>	1,5	3	3	3	3
<i>Úrvinnsla gagna</i>		3	3	3	3
Aðkeypt sérfr. þjónusta, myndgögn o.fl	10	9	5	5	5
Alls	35,5	52,5	47,5	45,5	45,5

Tekjur (mkr)

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti	30	30	29	29	29
Eigið framlag og annarra	5,5	22,5	18,5	16,5	16,5
Alls	35,5	52,5	47,5	45,5	45,5